

# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/785*  
*komudagur 8.2.2006*


Reykjavík 7. febrúar 2006.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 353. mál, afnám sérúthlutunar á þorski.**

Sjómannasamband Íslands styður 1. gr., 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins og telur löngu tímabært að afnema þá sérúthlutun í þorski sem felst í 9. gr. a í lögunum um stjórn fiskveiða.

Hins vegar hafnar Sjómannasamband Íslands ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu. Upphaflega þegar þessi sérúthlutunarregla var sett á var gert ráð fyrir að hún yrði tímabundin. Með lögum nr. 85/2002 var síðan ákveðið að taka sólarlagsákvæði þessarar sérúthlutunar úr sambandi og gera hana varanlega, en skv. fyrri lögum átti sérúthlutunin að falla niður í lok fisveiðiársins 2005/2006. Sjómannasamband Íslands leggur til að fallið verði frá sérreglum varðandi úthlutun á 3.000 lestum af þorski, eins og gert er ráð fyrir í 1. – 3. gr. frumvarpsins og þessum 3.000 lestum verði skilað til þeirra sem þær voru upphaflega teknar af. Sjómannasamband Íslands mótmælir því ákvæði frumvarpsins til bráðabirgða og krefsat þess að það ákvæði verði tekið út úr frumvarpinu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson